

Gróðurkort af nágrenni jarðgangamunna í Siglufirði og Ólafsfirði

Guðmundur Guðjónsson

Unnið fyrir Vegagerðina á Akureyri

NÍ-00022

Akureyri, desember 2000



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS



NÍ

Reykjavík Akureyri

Skýrsla nr NÍ-00022	Dags, Mán, Ár 31.12.2000	Dreifing <input type="checkbox"/> Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð til 30.06.2001
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Gróðurkort af nágrenni jarðgangamunna í Siglufirði og Ólafsfirði		Upplag 30
		Fjöldi síðna 11
Höfundar Guðmundur Guðjónsson		Verknúmer
Unnið fyrir Vegagerðina á Akureyri		
Samvinnuaðilar		
Útdráttur Fjallað er um gróðurkort af Skútudal í Siglufirði og Skeggjabrekkudal í Ólafsfirði og gróðurfari á kortunum lýst.		
Lykilorð Gróðurkort, gróðurfar, vegagerð, jarðgöng, Skútudalur, Siglufjörður, Skeggjabrekkudalur, Ólafsfjörður, Héðinsfjarðarleið, Tröllaskagi		Yfirfarið

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	3
2 AÐFERÐIR	3
3 GRÓÐURFARSLÝSING	4
3.1 Gróðurfar við vegstæðin í Skútudal	4
3.1.1 Vegstæði A	4
3.1.2 Vegstæði B	5
3.1.3 Vegstæði C	5
3.2 Gróðurfar við vegstæðin í Skeggjabrekkudal	6
3.2.1 Vegstæði A	6
3.2.2 Vegstæði B	7
4 HEIMILDIR	7

TÖFLUR, VIÐAUKAR OG KORT

Tafla 1. Gróðurfélög sem vegstæði skera í Skútudal	5
Tafla 2. Gróðurfélög sem vegstæði skera í Skeggjabrekkudal	6
Viðauki 1. Gróðursamfélög á gróðurkortum af Skútudal	8
Viðauki 2. Gróðursamfélög á gróðurkortum af Skeggjabrekkudal	9
Gróðurkort af Skútudal	10
Gróðurkort af Skeggjabrekkudal	11

1 INNGANGUR

Þessi skýrsla er unnin að beiðni Vegagerðarinnar á Akureyri og fjallar um gróðurkort af nágrenni jarðgangamunna í Skútudal í Siglufirði og í Skeggjabrekkudal í Ólafsfirði. Þessi jarðgangamöguleiki, sem liggur úr Siglufirði, um Héðinsfjörð í Ólafsfjörð hefur verið nefndur Héðinsfjarðarleið. Vegna þessara fyrirhuguðu framkvæmda hefur Náttúrufræðistofnun Íslands tekið að sér ýmsar umhverfisrannsóknir, m.a. rannsóknir á gróðri og gerð gróðurkorta af nágrenni hugsanlegra vegstæða og gangamunna á Héðinsfjarðarleið. Gróðurkort af Héðinsfirði hefur þegar birst og fylgdi það skýrslu um gróður í firðinum (Hörður Kristinsson og Guðmundur Guðjónsson 2000). Nú bætast við gróðurkort af Skútudal í Siglufirði og Skeggjabrekkudal í Ólafsfirði. Um gróður í Skútudal hefur verið fjallað í skýrslum Elínar Gunnlaugsdóttur og Aðalsteins Arnar Snæþórssonar (1999) og Halldórs G. Péturssonar og Harðar Kristinssonar (2000), og um gróður í Skeggjabrekkudal er fjallað í skýrslum Harðar Kristinssonar og Guðmundar Guðjónssonar (2000) og Halldórs G. Péturssonar og Harðar Kristinssonar (2000).

Síðastliðið sumar var gróður kortlagður við fyrirhuguð vegstæði frá gangamunnum í Siglufirði og Ólafsfirði. Þau gróðurkort birtast í þessari skýrslu, ásamt lýsingu á vinnuáferðum og stuttri lýsingu á gróðurfélögum sem fyrirhuguð vegstæði koma til með að skera. Kortlagning á vettvangi var unnin af Guðmundi Guðjónssyni 4. júlí 2000.

2 AÐFERÐIR

Svæðin sem kortlögð voru miðuðust við fyrirhuguð vegstæði á þeim tíma sem vettvangsvinna fór fram. Á kortinu af Skútudal eru sýnd þrjú vegstæði A, B og C, en á kortinu af Skeggjabrekkudal eru þau tvö A og B. Þegar vettvangsvinnan fór fram voru einungis komnar tillögur að vegstæðum A og miðaðist því kortlagningin við þær línur. Tillögur að vegstæðum B og C komu eftir að vettvangsvinnu var lokið, en þó þótti rétt að hafa þau með á kortunum. Einnig er reynt að gefa eins miklar upplýsingar um góðurfar á þeim svæðum og hægt er, þrátt fyrir að þau liggi utan við kortlagt svæði.

Vettvangsvinna vegna gróðurkortagerðarinnar var unnin á svarthvítt myndkort frá Ísgraf ehf. í mælikvarða 1:3.000, sem gert var eftir flugljósmyndum frá Loftmyndum ehf. frá árinu 1996. Gengið var eftir vegstæðunum (A) og næsta nágrenni þeirra og gróður flokkaður í gróðurfélög eftir ríkjandi tegundum. Gróðurflokkunin byggist á gróðurlykli hefðbundinna gróðurkorta, sem Steindór Steindórsson (1981) lagði grunninn að. Myndkortin sem notuð voru á vettvangi voru nokkuð óskýr, þannig að erfitt var að greina á þeim mörk á milli gróðurfélaga, einkum í Skútudal.

Meðfylgjandi gróðurkort: Skútudalur í Siglufirði, gróðurkort vegna fyrirhugaðra vegstæða í mælikvarða 1:2000 og Skeggjabrekkudalur í Ólafsfirði, gróðurkort vegna fyrirhugaðra vegstæða í mælikvarða 1:4000, eru teiknuð á ný myndkort frá Ísgraf ehf., sem gerð voru eftir flugljósmyndum í lit frá árinu 2000. Vegna þess hve þau myndkort eru skýr var hægt að bæta gróðurgreininguna mikið við hreinteikninguna á tölvuskjánum. Gróðurkortin teiknuðu Sóley Jónasdóttir, Sigrún Jónsdóttir og Guðmundur Guðjónsson.

Rétt er að geta þess að ýmis gróðurfélög sem eru einkennandi fyrir svæðið, og geta haft nokkra útbreiðslu, koma ekki fram á gróðurkortinu vegna þess að flatarmál þeirra er það lítið að ekki er unnt að sýna það á kortum í þeim mælikvörðum sem hér eru notaðir.

3 GRÓÐURFARSLÝSING

3.1 Gróðurfur við vegstæðin í Skútudal

Um gróður við hugsanleg vegstæði og gangaop í Skútudal hefur verið fjallað um í tveimur skýrslum (Elín Gunnlaugsdóttir og Aðalsteinn Örn Snæþórsson 1999 og Halldór G. Pétursson og Hörður Kristinsson 2000). Þar er reynt að meta verndargildi gróðursins og áhrif mismunandi vegstæða á hann. Niðurstaðan er sú að gróður í Skútudal er fjölbreyttur og hefur hátt verndargildi, sérstaklega í hlíðum hans. Vegstæði A og B liggja að mestu í dalbotninum og sneiða fram hjá svæðum þar sem gróður hefur hátt verndargildi. Gróðurkortlagningin nær hins vegar ekki nema að litlum hluta yfir vegstæði C. Tillaga um það kom ekki fram fyrr en eftir að vettvangsvinnu lauk, en ljóst er að utan kortlagða hlutans mun vegstæðið liggja um svæði þar sem gróðurinn hefur hátt verndargildi.

3.1.1 Vegstæði A

Fyrirhugaður gangamunni Siglufjarðarmegin er utarlega í norðanverðum Skútudal. Vegstæðið liggur fyrst úteftir dalnum fram á brekkubrún að mestu á röskuðu landi. Þaðan liggur það í sveig að miklu leyti eftir grasigrónum holtum og mýrlendi að kirkjugarði Siglfirðinga. Vegstæðið frá gangamunnanum að veginum við kirkjugarðinn er tæplega 1,4 km langt og nær allt á grónu landi. Við frumhönnun vegstæðisins hafa orðið þau mistök að vegurinn liggur þvert í gegnum kirkjugarðinn, en gert er ráð fyrir að það verði leiðrétt.

Í töflu 1 eru sýnd þau gróðurfélög sem vegstæðin tvö koma til með að skera, hve langur spotti sker hvert gróðurfélag og hlutfallsleg skipting gróðurfélaganna. Þar kemur fram að ef vegstæði A verður valið mun vegurinn að mestu liggja í graslendi og mýrlendi. Tveir þriðju hlutar vegstæðisins lenda í graslendisgróðurfélögum. Þau eru *graslendi* (H1) 34%, sem er valllendi með hálíngresi sem ríkjandi tegund og *finnungur* (H6) 22%, sem er snjóðældagróðurfélag. Lítil hluti vegarins er í *nýgræðu með grösum* (K1) 5%. Einn þriðji hluti vegstæðisins er í mýri með mýrastör og klóffífu sem ríkjandi tegundum þ.e. gróðurfélagið *mýrastör/stinnastör – klóffífa* (U4) 31%. Auk mýrastarar og klóffífu er mýrafinnungur (*Trichophorum caespitosum*) áberandi og jafnvel ríkjandi plöntutegund í mýrinni þó að það komi ekki fram í gróðurlyklinum. Slíkar mýrar eru oft nefndar finnungsmýrar. Á þurrari blettum hér og þar í mýrlendinu ríkir aftur á móti snjóðældagrastegundin *finnungur (nardus stricta)* þ.e. gróðurfélagið *finnungur* (H6). Það gróðurfélag er nefnt finnungsdæld og er það eingöngu að finna á svæðum þar sem snjóþyngsli eru mikil. Þessi tvö gróðurfélög, finnungsmýrin og finnungsdældin, eru því óaðgreind á kortinu, en gert er ráð fyrir að það gróðurfélag sem merkt er á undan sé heldur meira að flatarmáli en hitt. Hluta af leiðinni er veginum ætlað að liggja um beitilyngsmóa *beitilyng – krækilyng – bláberjalyng* (B4) 8%. Það gróðurfélag er einnig óaðgreint frá finnungsdældinni á kortinu.

3.1.2 Vegstæði B

Þegar vettvangsvinna vegna gróðurkortanna fór fram var vegstæði B ekki komið til skjalanna. Það liggur samsíða fyrri vegstæðinu fyrsta hálfu kílómetrann frá gangamunnum. Eftir það liggur það talsvert ofar, ofan við kirkjugarðinn og endar við brúna á Fjarðará. Vegstæðið frá gangamunnum að ánni er alls um 1,6 km langt og nær allt á grónu landi. Fjórðungur þess lendir á ókortlögðu landi þ.e. frá því á mótis við kirkjugarðinn og niður að ánni.

Gróðurfarið á þeim hluta vegstæðis B sem kortlagður var, er mjög sambærilegt við það sem lýst er hér á undan fyrir vegstæði A (sjá töflu 1). Hlutfallslega er þar þó meira *graslendi* (H1) 41% og minna af *finnungi* (H6) 15%. Á einum stað er vegstæðið á grýttu holti með mosagróðri, *mosi með smárunnum* (A4) 1%, sem ekki kemur fyrir á vegstæði A. Þeir fjögurhundruð metrar af vegstæðinu sem ekki voru kortlagðir líta út fyrir að skiptast þannig að 250 m eru í mýrlendi og 150 m eru á ræktuðu túni.

3.1.3 Vegstæði C

Eins og fyrr greinir nær gróðurkortlagningin ekki nema að litlum hluta yfir vegstæði C. Samkvæmt því sem hægt er að sjá á myndkortinu mun vegstæðið, sem er um 2 km að lengd, liggja um svæði þar sem gróðurinn hefur hátt verndargildi. Það fer yfir ósnortin gróðurlendi alla leiðina frá því að leiðir vegstæðanna skilja í Skútudal niður að sjó gegnt Siglufjarðarbæ. Á þeirri leið er einkennandi snjóældagróður, svo sem blautar finnugsmyrar, finnugsdældir og aðalbláberjalyngsdældir.

Tafla 1: Gróðurfélög sem vegstæði A og B skera í Skútudal.

Vegstæði A			Vegstæði B		
Gróðurfélag	Lengd vegstæðis m	%	Gróðurfélag	Lengd vegstæðis m	%
Mólandi:			Mosapamba:		
<i>Beitilyng - krækilyng - bláberjalyng (B4)</i>	95	8	<i>Mosi með smárunnum (A4)</i>	5	1
Graslendi:			Mólandi:		
<i>Graslendi (H1)</i>	400	34	<i>Beitilyng - krækilyng - bláberjalyng (B4)</i>	87	9
<i>Finnungur (H6)</i>	260	22	Graslendi:		
<i>Nýgræða með grösom (K1)</i>	60	5	<i>Graslendi (H1)</i>	404	41
Mýri:			<i>Finnungur (H6)</i>	143	15
<i>Mýrastör - klófifa (U4)</i>	365	31	<i>Nýgræða með grösom (K1)</i>	20	2
			Mýri:		
			<i>Mýrastör - klófifa (U4)</i>	315	32
Samtals	1180 m	100%	Samtals	975 m	100%

3.2 Gróðurfar við vegstæðin í Skeggjabrekkudal

Um gróður við hugsanleg vegstæði og gangaop í Ólafsfirði hefur verið fjallað um tveimur skýrslum (Hörður Kristinsson og Guðmundur Guðjónsson 2000 og Halldór G. Pétursson og Hörður Kristinsson 2000). Þar er reynt að meta verndargildi gróðursins og áhrif mismunandi vegstæða á hann. Niðurstaðan er sú að vegstæði B sé hentugra sökum þess að leiðin er styttri og nær ekki upp í snjóðældagróður fjallshlíðarinnar. Gróðurkortið styður þessa niðurstöðu.

Tafla 2: Gróðurfélög sem vegstæði skera í Skeggjabrekkudal.

Vegstæði A			Vegstæði B		
Gróðurfélag	Lengd vegstæðis m	%	Gróðurfélag	Lengd vegstæðis m	%
Graslendi:			Graslendi:		
<i>Grös (H1)</i>	670	41	<i>Grös (H1)</i>	45	13
Ræktað land:			Ræktað land:		
<i>Lúpína (L3)</i>	20	1			
<i>Tún (R2)</i>	250	15			
Deiglendi:			Deiglendi:		
<i>Hrossanál – starir – grös (T2)</i>	105	7	<i>Hrossanál – starir – grös (T2)</i>	20	6
<i>Starir – grös (T5)</i>	120	8			
Mýri:			Mýri:		
<i>Mýrastör/stinnastör – klóffja (U4)</i>	20	1			
<i>Mýrastör/stinnastör – gulstör (U8)</i>	150	9	<i>Mýrastör/stinnastör – gulstör (U8)</i>	90	25
<i>Mýrafinnungur - mýrastör (U12)</i>	20	1			
Flói:			Flói:		
<i>Gulstör (V1)</i>	275	17	<i>Gulstör (V1)</i>	200	56
Samtals	1630 m	100%	Samtals	355 m	100%

3.2.1 Vegstæði A

Fyrirhugaður gangamunni, sem vegstæði A liggur frá, opnast neðst í hlíðum Ósbrekkufjalls í mynni Skeggjabrekkudals. Þar er hlíðin fremur vel gróin og víða fremur votlend. Vegstæðið og það svæði sem kortlagt var liggur neðan hlíðarinnar um framræstar mýrar og beitarlönd. Neðar og utar liggur vegstæðið um golfvöll Ólafsfirðinga og þaðan fram á brekkubrúnir milli bæjanna Skeggjabrekku og Ósbrekku. Brekkurnar eru algrónar, og skiptast þar á graslendi og hallamýrar en í

brekkurótunum eru enn blautari mýrar. Á flatlendinu við flugvöllinn eru forblautir gulstararflóar. Vegstæðið frá gangamunna að ósnum er 1,8 km langt og nánast allt á grónu landi. Tafla 2 sýnir þau gróðurfélög sem vegstæðin tvö koma til með að skera, hve langur spotti sker hvert gróðurfélag og hlutfallslega skipting gróðurfélaganna.

3.2.2 Vegstæði B

Gangamunninn sem vegstæði B liggur frá, opnast neðst í hjallabrun neðan við mynni Skeggjabrekkudals og er fyrirhugaður gangamunni á móts við enda Ólafsfjarðarvatns, nánast gegnt Ólafsfjarðarbæ. Veglínar lendir í jaðrinum og rétt fyrir utan það svæði sem greint var á vettvangi vegna gróðurkortagerðarinnar. Vegna þess hve myndkortíð er skýrt, má með nokkurri vissu sjá hvaða gróðurfélög vegstæðið kemur til með að skera (tafla 2). Vegstæðið frá gangamunna að ósnum er 0,6 km langt og liðlega helmingur þess er á grónu landi.

4 HEIMILDIR

Elín Gunnlaugsdóttir og Aðalsteinn Örn Snæþórsson 1999: Gróður og fuglar á fyrirhuguðu vegstæði í Skútudal á Siglufirði. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-99024. 12 bls.

Halldór G. Pétursson og Hörður Kristinsson 2000: Jarðgöng úr Siglufirði í Ólafsfjörð – Fljótaleið, jarðfræði og gróður. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-00016. 32 bls.

Hörður Kristinsson og Guðmundur Guðjónsson 2000: Gróður við fyrirhugaða veglínunni vegna ganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-00001. 18 bls.

Steindór Steindórsson 1981. Flokkun gróðurs í gróðurfélög. Íslenskar landbúnaðar-rannsóknir, 12 (2), bls. 11-52.

Viðauki 1: Gróðursamfélög á gróðurkortum af Skútudal.

ÞURRENDI

Mosagróður Mossheath	A4 Mosi með smárunnum <i>Racomitrium</i> spp. – dwarf shrubs
Lyngmói Heath	B2 Krækilyng – bláberjalyng – sauðamergur <i>Empetrum nigrum</i> – <i>Vaccinium uliginosum</i> – <i>Loiseleuria procumbens</i> B4 Beitilyng – krækilyng – bláberjalyng <i>Calluna vulgaris</i> – <i>Empetrum nigrum</i> – <i>Vaccinium uliginosum</i> B7 Bláberjalyng – krækilyng – víðir <i>Vaccinium uliginosum</i> – <i>Empetrum nigrum</i> – <i>Salix</i> spp.
Graslandi Grassland	H1 Grös <i>Poaceae</i> H3 Grös með smárunnum <i>Poaceae</i> – dwarf shrubs H6 Finnungur <i>Nardus stricta</i> K1 Nýgræða með grösum <i>Poaceae</i> – regrowth on eroded land
Blómlendi og ræktað land Forbs and cultivated land	L3 Alaskalúpína <i>Lupinus nootkatensis</i> R6 Skógrækt Cultivated woodland

VOTLENDI

Mýri Sloping mire	U4 Mýrastör/stinnastör – klófffa <i>Carex nigra/Carex bigelowii</i> – <i>Eriophorum angustifolium</i>
Flói Level mire	V3 Klófffa <i>Eriophorum angustifolium</i>

AÐRAR SKÝRINGAR

Skert gróðurþekja

- x Gróðurþekja að meðaltali 75%
- z Gróðurþekja að meðaltali 50%
- þ Gróðurþekja að meðaltali 25%

Grjót í gróðri

- b Grjót í yfirborði gerir land óræktanlegt

Raskað land

- r Raskað eða umbylt land af mannavöldum

Gróðurlaust eða lítt gróið land

- me Melar

Viðauki 2: Gróðursamfélög á gróðurkorti af Skeggjabrekkudal.

ÞURRLENDI

Lyngmói Heath	B2 Krækilyng – bláberjalyng – sauðamergur <i>Empetrum nigrum</i> – <i>Vaccinium uliginosum</i> <i>Loiseleuria procumbens</i>
	B7 Bláberjalyng – krækilyng – víðir <i>Vaccinium uliginosum</i> – <i>Empetrum nigrum</i> – <i>Salix</i> spp.
	B9 Aðalbláberjalyng <i>Vaccinium myrtillus</i>
Graslendi Grassland	H1 Grös <i>Poaceae</i>
Blómlendi Forbs	L3 Alaskalúpína <i>Lupinus nootkatensis</i>
Ræktað land Cultivated land	R2 Tún í góðri rækt R4 Gamalt tún R6 Skógrækt

VOTLENDI

Deiglandi Moist land	T2 Hrossanálf – starir – grös <i>Juncus articus</i> – <i>Carex</i> spp. – <i>Poaceae</i>
	T5 Grös – starir <i>Poaceae</i> – <i>Carex</i> spp.
Mýri Sloping mire	U4 Mýrastör/stinnastör – klófífa <i>Carex nigra</i> / <i>Carex bigelowii</i> – <i>Eriophorum angustifolium</i>
	U5 Mýrastör/stinnastör <i>Carex nigra</i> / <i>Carex bigelowii</i>
	U8 Mýrastör/stinnastör – gulstör <i>Carex nigra</i> / <i>Carex bigelowii</i> – <i>Carex lyngbyei</i>
	U10 Mýrelfting <i>Equisetum palustre</i>
	U12 Mýrafinnungur – mýrastör/stinnastör <i>Trichophorum caespitosum</i> – <i>Carex nigra</i> / <i>Carex bigelowii</i>
Flói Level mire	V1 Gulstör <i>Carex lyngbyei</i>
	V2 Tjarnastör <i>Carex rostrata</i>

AÐRAR SKÝRINGAR

Skert gróðurþekja

- x Gróðurþekja að meðaltali 75%
- z Gróðurþekja að meðaltali 50%
- þ Gróðurþekja að meðaltali 25 %

Grjót í gróðri

- a Grjót í yfirborði gerir land illræktanlegt
- b Grjót í yfirborði gerir land óræktanlegt

Raskað land

- r Raskað eða umbylt land af mannavöldum

Gróðurlaust eða lítt gróið land

- mc Melar
- sa Sandar